

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

60
13. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

61
14. júní

fyrir Austur-Eyjafjallahrepp, um sundnám sem skyldunámsgrein við barnaskóla hreppsins.

1. gr.

Öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum frá 12—16 ára, er skylt að stunda sundnám í heitri sundlaug í hreppnum allt að 4 mánuðum samtals.

Þó skal jafnan undanþiggja þá unglínga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubreysts.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 krónum. Sektir renna í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er samkvæmt lögum nr. 39, 27. júní 1925, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1932.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júní 1932.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.